

Erindi frá útgerðarmönnum í Strandabyggð um almennan byggðakvóta og áhrif á byggðarlagið

Við undirritaðir útgerðarmenn í Strandabyggð viljum hér með beina því til sveitastjórnar Strandabyggðar að óskað verði eftir undanþágu frá vinnsluskyldu vegna almenns byggðakvóta hjá Fiskistofu fyrir fiskveiðiárið 2025/2026.

Forsenda byggðakvóta er að efla atvinnu, tekjur og búsetu í viðkomandi byggðarlagi. Í okkar tilfelli liggur þó fyrir að enginn útgerðarmaður á svæðinu hefur raunhæfa möguleika á að uppfylla þau skilyrði um mótframlag til vinnslu sem nú eru gerð, þar sem vinnslan hyggst ekki taka við þorski af handfærabátum. Afleiðingin er sú að bæði sveitarfélagið og útgerðir á svæðinu verða af verulegum tekjum, svo sem löndunargjöldum, þjónustutekjum og afleiddum störfum sem skapast í kringum virka útgerð og löndun.

Reynslan frá fyrra ári sýnir þetta glögglega. Þá gátu handfærabátar ekki haldið áfram veiðum eftir strandveiðitímabilið, þrátt fyrir að margir útgerðarmenn hefðu viljað halda áfram veiðum út ágúst, meðal annars í ufsa. Þorskur er þar óhjákvæmilegur meðafli, en þar sem almennur byggðakvóti fékkst ekki úthlutaður vegna skorts á mótframlagi til vinnslu, stöðvuðust veiðar alfarið. Þetta hafði í för með sér tekjutap fyrir útgerðir, minni umsvif í höfnum og skertar tekjur fyrir sveitarfélagið.

Við viljum jafnframt hvetja sveitastjórn til að beita sér fyrir endurskoðun á úthlutunarreglum almenns byggðakvóta, með það að markmiði að tryggja jafna og sanngjarna dreifingu aflaheimilda á báta. Núverandi fyrirkomulag hefur í reynd leitt til þess að ein útgerð heldur á meginhluta kvótans á svæðinu, auk þess að fara með sértækan byggðakvóta. Þrátt fyrir að sú úthlutun hafi upphaflega byggst á víðri samstöðu heimamanna, hefur reynslan sýnt að hún nýtist fáum í framkvæmd. Þar með verður hinn almenni byggðakvóti enn mikilvægari fyrir aðrar útgerðir og fyrir samfélagið í heild.

Það er grundvallarhagsmunamál fyrir Strandabyggð að sem flestar útgerðir geti gert út, landað afla og skapað umsvif í heimabyggð. Virk löndun styður ekki aðeins beinar tekjur útgerða heldur einnig afleidd störf, svo sem hafnarstarfsemi, þjónustu, viðhald, flutninga og aðra atvinnu sem byggir á nærveru sjávarútvegs í samfélaginu. Fyrir útgerðir sem ekki búa yfir eignarkvóta er almennur byggðakvóti lykilforsenda þess að halda starfsemi gangandi.

Ef ekkert verður að gert blasir við sú þróun að útgerðir sjái sér ekki fært að landa afla á Hólmavík, heldur sigli annað með aflann strax við upphaf strandveiða. Afleiðingin yrði að

strandveiðiafli yrði ekki landað í heimahöfn og að engin útgerð á handfærum yrði starfandi út ágúst. Slík þróun myndi veikja atvinnulíf, minnka tekjur sveitarfélagsins og draga úr lífi í byggðarlaginu.

Vilji sveitastjórnar stendur til þess að tryggja fjölbreytt og virkt atvinnulíf á Hólmavík, með fleiri en einni útgerð starfandi í höfninni, teljum við nauðsynlegt að brugðist verði við þessari stöðu. Að öðrum kosti stefnir þróunin óhjákvæmilega í átt að samþjöppun, þar sem aðeins ein útgerð verður eftir, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir samfélagið í heild.

Við vonum að sveitastjórn Strandabyggðar taki erindið til skoðunar með hagsmuni byggðarlagsins í heild að leiðarljósi og beiti sér fyrir lausnum sem styðja við fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf á Hólmavík.

Við þökkum fyrir umfjöllun um málið og erum tilbúnir til frekara samtals ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

F.H Dráttur ehf:

Einar Þór Kristmundsson

F.H Sævík ehf:

Ellert Jónsson

F. H Steinunn frá Naustvík ehf:

Steinunn

F.H Gráðuvík sf:

Haraldur Jónsson

F.H Gíslabali ehf:

Páll Arnarson

F.H Hafvík ehf:

Magnus Þór

F.H HP slf:

Haukur Pétursson

F.H St17 ehf:

Sigurður Fríðriksson

F.H Bergsnær ehf:

Agúst Óskar Vilhjálmsson

F.H Golaútgerð ehf:

Halldór V. Torfason / Hafþór Torfason

